

33 maí

Alþingi
Erindi nr. P 137/172
komudagur 8. 6. 2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík


8. júní 2009

Vísað er til erindis viðskiptanefndar, dags. 8. júní 2008, varðandi beiðni viðskiptanefndar um aðgang að gögnum skilanefndar Kaupþings banka hf. vegna greiðslu á kröfum innstæðueigenda Kaupþings banka hf. í Þýskalandi.

Skilanefnd vísar í þessu sambandi til bréfs skilanefndar til viðskiptaráðuneytisins dags. 8. júní 2009 vegna sama erindis og fylgir það bréfi þessu ásamt tölvupósti starfsmanns þýska fjármálaráðuneytisins sem framsent var viðskiptaráðuneytinu þann 22. maí sl.

Vegna erindis viðskiptanefndar vill skilanefnd taka það fram að engin kynning fór fram af hálfu skilanefndar fyrir þýskum stjórnvöldum um áhrif laga nr. 44/2009 á möguleika skilanefndar til útgreiðslu til þýskra innstæðueigenda, hvorki formleg né óformleg, eins og meðfylgjandi tölvupóstsamskipti bera með sér.

Virðingarfyllst



Fyrir hönd skilanefndar Kaupþings banka hf.
Kolbeinn Árnason,
framkvæmdastjóri lögfræðisviðs

Fylgiskjöl:

Bréf skilanefndar til viðskiptaráðuneytisins dags. 8. júní 2009

Afrit af tölvupósti Peter Görß, starfsmanns þýska fjármálaráðuneytisins, dags. 22. maí sl. ásamt undanfarandi samskiptum

Viðskiptaráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
150 Reykjavík

8. júní 2009


Vísað er til erindis viðskiptaráðuneytisins dags. 3. júní sl. varðandi beiðni viðskiptanefndar Alþingis um aðgang að tölvupósti frá starfsmanni þýska fjármálaráðuneytisins sem skilanefnd Kaupþings banka hf. framsendi ráðuneytinu þann 22. maí sl.

Í erindinu er leitað álits skilanefndar á því hvort rétt sé, með hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga, að veita aðgang að umræddum tölvupósti. Skilanefnd hefur nú leitað til viðkomandi aðila innan þýska fjármálaráðuneytisins og fengið heimild hans fyrir birtingu umrædds tölvupóst. Skilanefnd telur að þessu samþykknun fengnu standi ákvæði upplýsingalaga ekki því í vegi að veita aðgang að umræddum tölvupósti og fylgir afrit af honum ráðuneytinu til hægðarauka.

Skilanefnd vill taka það skýrt fram að af nefndarinnar hálfu var ekki litið á umræddan tölvupóst sem hótun þýskra stjórnvalda, heldur aðeins hluta af þeim samskiptum sem átt hafa sér stað milli þýskra stjórnvalda og skilanefndar frá því í byrjun nóvember sem öll hafa miðað að lausn þessa máls.

Skilanefnd harmar þá umfjöllun sem þessi tölvupóstur hefur fengið í fjölmiðlum og þá miklu tortryggni sem reynt hefur verið að skapa í kringum hann. Ennfremur harmar skilanefnd að þessi umfjöllun hefur skyggt á þrotlausa vinnu þessara aðila og þá ánægjulegu niðurstöðu sem af henni hefur hlotist fyrir þýska innstæðueigendur Kaupþings banka hf. og íslenskt samfélag, enda hefur hún skilað því að engar skuldbindingar vegna starfsemi Kaupþings banka hf. munu falla á íslenska ríkið.

Virðingarfyllt



Fyrir hönd skilanefndar Kaupþings banka hf.
Kolbeinn Árnason,
framkvæmdastjóri lögfræðisviðs

Fylgiskjal: Afrit af tölvupósti Peter Görß, starfsmanns þýska fjármálaráðuneytisins, dags. 22. maí sl. ásamt undanfarandi samskiptum

Kolbeinn Árnason

From: Peter.Goerss@bmf.bund.de
Sent: 22. mai 2009 11:53
To: Guðni Aðalsteinsson; Kolbeinn Árnason
Subject: Payback process

Dear Gudni, dear Kolbeinn,

it seems as if no German customer has received mail from Kaupthing yet. Again the pressure starts mounting on us after the various publications on your website.

You attorney, Mr Pesch, was so kind to inform me that the reason for the delay is recent legislation regarding the treatment of preferential claims which might impose an obstacle to the payback process. With months we have been working on this solution, with commitments given from all responsible Icelandic institutions and political support by the Icelandic Trade and Foreign Affairs Ministers this is really surprising. However, I hope this new impediment can be overcome in very due time.

The political damage if this would spread will be immense for Iceland's reputation as reliable and credible partner not only in the light of the ongoing IMF review. We don't want this to happen, but we need a firm commitment from our partners in Iceland. I also understand fully that this is not in your hands but needs to be solved by legislators. However I would advise not to stop the payback process as such as it seems likely that a political solution will have to be found.

Please keep me informed about any development.

Kind regards

Peter Görß

Von: Görß, Peter
Gesendet: Mittwoch, 20. Mai 2009 11:25
An: 'Kolbeinn Árnason'; Dostal Dr., Caroline
Cc: Sævar Bjarnason; Eva Sóley Guðbjörnsdóttir; Davíð Stefánsson
Betreff: AW: customer information letter

Dear Kolbeinn, dear all

until now we have not received the description of the payout process. Please check. Have the letters been sent out already? Clients keep calling, politicians asking. So I urgently ask you to stick to the agreed process.

Kind regards

Peter

Von: Kolbeinn Árnason [mailto:kolbeinn.arnason@kaupthing.com]
Gesendet: Freitag, 15. Mai 2009 11:31
An: Dostal Dr., Caroline
Cc: Görß, Peter; Sævar Bjarnason; Eva Sóley Guðbjörnsdóttir; Davíð Stefánsson
Betreff: RE: customer information letter

Dear Caroline and Peter

08.06.2009

As discussed yesterday we will prepare a short description of the process today and forward it to you. This will include a draft timeline. We will subsequently inform you of important steps as they occur, such as sending out of the letter payment into the Bundesbank account, request for the lifting of the moratorium, first payout etc.

I am including my colleagues that are in charge of the process, Saevar Bjarnason is the project manager at this end.

Kind regards
Kolbeinn

Kolbeinn Arnason

Managing Director, Attorney at Law
Legal Counsel
Kaupthing Bank hf.
kolbeinn.arnason@kaupthing.com
www.kaupthing.com

Direct line: +354 444 6182
Mobile: +354 856 6182
Telephone: +354 444 7000
Fax: +354 444 6189

Kaupthing Bank hf, Borgartún 19, Reykjavík, Iceland
[E-mail Disclaimer](#)

From: Caroline.Dostal@bmf.bund.de [mailto:Caroline.Dostal@bmf.bund.de]
Sent: 15. maí 2009 09:06
To: Kolbeinn Arnason
Cc: Peter.Goerss@bmf.bund.de
Subject: customer information letter

Dear Kolbeinn,

referring to our telephone call yesterday:

Could you please inform Mr. Görß when the first letters have been sent to the customers. Then we will be able to give concrete, confirmed information about the process. We expect customers and politicians to call, if the letters don't arrive in time.

Thank you for that.

Best regards

Caroline

Dr. Caroline Dostal

Referat VII B 1 - Grundsatzfragen Finanzstandort Deutschland, Europäische Finanzmarktintegration
Bundesministerium der Finanzen

Wilhelmstraße 97

10117 Berlin

Tel.: +49(30)2242-1445

Fax: +49(30)2242-883184

E-Mail: Caroline.Dostal@bmf.bund.de

08.06.2009

Þýtt úr ensku:

Upplýsingabréf til viðskiptavina

Síða 1 af 2

Kolbeinn Árnason

Frá: Peter.Goerss@bmf.bund.de
Sent: 22. maí, 2008, 11:53
Til: Guðni Aðalsteinsson; Kolbeinn Árnason
Efni: Endurgreiðsluferli

Kæri Guðni, kæri Kolbeinn

Svo virðist sem enginn þýskur viðskiptavinur hafi enn fengið bréf frá Kaupþingi. Þrýstingur fer vaxandi á okkur eftir ýmsar birtingar efnis á vefsíðu ykkar.

Lögmaður ykkar, hr. Peach, var svo vinsamlegur að tjá mér að ástæðan fyrir töfinni séu nýsett lög um meðferð forgangskrafna sem gætu hindrað endurgreiðsluferlið. Mánuðum saman höfum við unnið að þessari lausn og fengið skuldbindingar frá öllum ábyrgum íslenskum stofnunum og stjórnmalalegan stuðning frá viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra Íslands og þetta kemur mjög á óvart. Þó vona ég að þessi hindrun verði mjög fljótlega yfirstigin.

Það myndi valda gífurlegum stjórnmalalegum skaða fyrir orðstír Íslands sem ábyrgur og trúverðugur samstarfsaðili ef þetta bærast út, ekki bara í ljósi yfirstandandi endurskoðunar IMF. Við viljum ekki að svo fari, en við þurfum trausta skuldbindingu frá félögum okkar á Íslandi. Ég skil líka mætavel að þetta er ekki í ykkar höndum en þarf að leysa af hálfu löggjafarvaldsins. Þó ráðlegg ég ykkur að stöðva ekki endurgreiðsluferlið sem slíkt þar sem svo virðist sem finna verði stjórnmalalega lausn.

Vinsamlegast upplýsið mig um alla framvindu í málinu

Bestu kveðjur

Peter Görß

Frá: Görß, Peter
Sent: Miðvikudaginn 20. maí, 2009, 11:25
Til: Kolbeinn Árnason; Dostal Dr., Caroline
Samrit:Sævar Bjarnason; Eva Sóley Guðjónsdóttir; Davíð Stefánsson
Efni: AW: Upplýsingabréf til viðskiptavina

Kæri Kolbeinn, kærur öll

til þessa höfum við enn ekki fengið lýsinguna á endurgreiðsluferlinu. Vinsamlegast athugið. Hafa bréfin verið send út? Viðskiptavinir hringja, stjórnmalamenn spyrja. Ég hvet ykkur að halda áfram samþykktu ferli.

Bestu kveðjur

Peter

Eins og rætt var í gær munum við útbúa stutta lýsingu á ferlinu í dag og senda til ykkar. Í því verða drög að tímalínu. Við munum síðan upplýsa ykkur um mikilvæga áfanga um leið og þeir eiga sér stað, svo sem að senda út greiðslubréf í Bundesbank reikninginn, beiðni um afléttingu á greiðslustöðvun, fyrstu greiðslu, o.sv.frv.

Ég sendi samrit til félaga minna sem eru yfir þessu ferli, Sævar Bjarnason er verkefnisstjóri hérna megin.

Bestu kveðjur

Kolbeinn

Kolbeinn Arnason
framkvæmdastjóri, lögmaður Beinn sími: +354 444 6182
lagaráðgjöf Farsími: +354 856 6182
Kaupþing banki hf Sími: +354 444 7000
kolbeinn.arnason@kaupthing.com. Símbref: +354 444 6189
www.kaupthing.com

Kaupthing Bank hf, Borgartún 19, Reykjavík, Iceland
E-mail disclaimer

Frá: Caroline.Dostal@bmf.bund.de <mailto:Caroline.Dostal@bmf.bund.de>
Sent: 15. maí, 2009, 09:06
Til: Kolbeinn Árnason
Samrit: Peter.Goerss@bmf.bund.de
Efni: Upplýsingabréf til viðskiptavina

Kæri Kolbeinn

vísa til samtals okkar í síma í gær:

Gætirðu vinsamlegast upplýst hr. Görþ hvenær fyrstu bréfin hafa verið send til viðskiptavinanna. Þá getum við veitt ákveðnar, staðfestar upplýsingar um ferlið. Við væntum þess að viðskiptavinir og stjórnáamenn hringi, ef bréfin berast ekki í tæka tíð.

Þakka þér fyrir það

Bestu kveðjur

Caroline

Dr. Caroline Dostal

Referat: VII B 1 Grundsetzfragen Finanzstandort Deutschland, Europäische Finanzmarktintegration Bundesministerium der Finanzen
Wilhelmsstrasse 97
10117 Berlin
Sími: +49 (30) 2242-1445
Símbref: +49(30) 2242 883184

Netfang: Caroline.Dostal@bmf.bund.de